

## Félagssfundur föstudaginn 10. október 2014 kl. 17.00 í Alliance Française.

### Dagskrá:

#### 1. Starfið á komandi vetri.

- Jóhanna Björk tilkynnti fundarmönnum að hún muni fara á fund CEO (Commission de l'Europe de l'Ouest de la Fédération Internationale des Professeurs de Français) á Möltu í nóvember svo lengi sem til þess fái styrkur frá SEF (Samstarfsnefnd um endurmenntun framhaldsskólakennara).
- Jóhanna kynnti einnig áform um að tveir félagsmenn frá FFÍ fari á fund norrænna frönskukennarafélaga í Helsinki í mars 2014 og að sótt verði um styrk frá KÍ til að mæta kostnaði við þá ferð (hluti kostnaðar verður greiddur af sameiginlegum styrk sem fundarskipuleggjendur hafa þegar fengið fyrir fundinum).
- Rætt var um fundi í vetur. Framhald verður á föstudagsfundum og einnig er fyrirhugaður starfsdagur í lok janúar (ekki var þó enn komin dagsetning eða ákveðið viðfangsefni en líklegt að hluti tímans fari í að endurskoða sameiginlega frönskuprófið).

#### 2. Málefni tengd STÍL

Fram kom að félag frönskukennara verður að taka að sér formennsku í STÍL í febrúar 2015 og gegna formennsku í tvö ár og því brýnt að finna fulltrúa frá félaginu í embættið. Engin framboð bárust á þessum fundi en stjórn félagsins greindi frá því að þegar hefði verið haft samband við einn félagsmanna sem væri að íhuga að taka að sér embættið. Fram kom einnig að árið 2015 er 30 ára afmælisár STÍL og að Sigrún Halla muni fara sem fulltrúi FFÍ á undirbúningsfund fyrir afmælið.

#### 3. Sumarnámskeið FFÍ

Rætt var um hvort halda ætti sumarnámskeið FFÍ héraendis eða erlendis og hvert efni þess ætti að vera. Ákveðið var að framkvæmd yrði rafkönnun þar sem félagsmenn yrðu spurðir um staðsetningu, tímasetningu og efni námskeiðisins. Eyjólfur tók að sér að framkvæma könnunina.

#### 4. Önnur mál.

- Jóhanna tilkynnti að nýr sendiherra, M. Philippe O'Quin hafi nú tekið til starfa og að félagið hafi áform um að fá hann til að koma og hitta félagsmenn fljótlega.
- Eyjólfur sagði fréttir af því að sérfræðingarnir í Graz séu að fara yfir sameiginlega frönskuprófið og muni fljótlega senda okkur mat sitt á því.
- Rætt var um „Le concours des lycéens“. Fyrirkomulag keppinnar mun velta svoltið á því hvernig nýr sendiherra tekur á málum. Nokkrar hugmyndir að efni komu fram en ekkert var ákveðið.
- Sigurbjörg Eðvalds sagði frá stöðu frönskunnar á Akranesi þar sem á nú að hætta frönskukennslu. Í kjölfar þessa sköpuðust umræður um stöðu frönskunnar í framhaldsskólum landsins.

Fundi slitið klukkan 18.30.